

Ed.

455. Nefndarálit

[125. mál]

um frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslu-
gjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin fékk frv. til meðferðar síðdegis í dag og hefur athugað það, eftir því
sem tími hefur til unnizt.

Nefndin hefur klofnað um frv., þar sem Haraldur Guðmundsson og Brynjólfur
Bjarnason töldu sig ekki geta fylgt höfuðatriði málsins, og munu þeir því gefa
út sérstakt nál. Meiri hl. litur hins vegar svo á, að þótt gengisbreyting sú, sem ráð-
gerð er í frv., sé neyðarúrræði, þá sé ástandið slíkt í efnahagsmálum þjóðarinnar,
að þennan kost sé óhjákvæmilegt að taka, ef ekki eigi að verða alger stöðvun á
framleiðslu til útflutnings og þar með í atvinnulífi þjóðarinnar.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþ., en áskilur sér rétt til að bera fram
brtt. við 3. umr. málsins.

Alþingi, 17. marz 1950.

Bernh. Stefánsson,
form.

Jóh. Þ. Jósefsson,
frsm., fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson.